



Minnisblað – 2003004

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Starf vinnuhóps vegna sameiningar sveitarfélaga*

Dags.: 11.11.2020

Vinnuhóp skipa Eyjólfur Ingvi Bjarnason oddviti, Skúli Guðbjörnsson formaður byggðarráðs og Kristján Sturluson sveitarstjóri. Með hópnum starfar Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri.

Vísað er til minnisblaðs dags. 04.09.2020 sem lagt var fram á 195.fundi sveitarstjórnar 10.09.2020 (dagskrárliður 24).

- 22. október var orðið ljóst að ekki yrði hægt að halda Vinnustofu II á staðnum vegna samkomutakmarkana. Ákveðið var að halda vinnustofuna í gegnum fjarfundakerfi til að halda áætlun eins og hægt er.
- Vinnustofa II var svo haldin 26. október kl.16:00. Byrjað var á að fara yfir stöðuna og markmiðin, svo var fundargestum skipt í tvo hópa sem unnu að SVÓT-greiningu. Í því fólst að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri Dalabyggðar ef til sameiningar sveitarfélagsins kemur. Niðurstöður greiningar voru sendar á RR ráðgjöf sem mun vinna upp úr því efni fyrir íbúafund. Í lok fundar var svo rætt um hver ættu að vera áhersluatriði Dalabyggðar við mat á sameiningarvalkostum og í viðræðum um mögulega sameiningu við önnur sveitarfélög.
- Áætlað að vinnuhópur fundi með RR ráðgjöf í mánuðinum til að ræða framhaldið.

Næstu skref:

- Íbúafundur haldinn þar sem sjónarmiða íbúa verður leitað. Ráðgjafar munu leiða kynningu og varpa fram spurningum sem íbúar ræða sín á milli. Leitast verður við að fá fram hvaða atriði skipta íbúana mestu máli, ef til sameiningarviðræðna kemur. Verkáætlun gerir ráð fyrir íbúafundi í nóv/jan, fer eftir samkomutakmörkunum.
- Vinnustofa III með sveitarstjórn þar sem niðurstöður vinnunnar verða dregnar saman og greindar.
- Skilafundur þar sem minnisblað með valkostagreiningu verður lagt fram fyrir sveitarstjórn.
- Miða þarf tímaáætlun við veðurfar og heimsfaraldur en þegar þetta er skrifað er áætlað að valkostagreining verði til fyrir páska/apríl 2021.

Staðan hjá RR ráðgjöf 11.11.2020:

Búið að taka saman SVÓT og áherslur. Verið að vinna í öðrum þáttum greiningarinnar. Fundur með SSV á morgun til að fá innsýn í gögn þar. Rafrænir íbúafundir á Suðurlandi gengu vel, spurning að skoða það fyrirkomulag, jafnvel blanda saman rafrænum- og staðarfundi.